

DYRHÓLAEY – VETTVANGSFERÐ JÚNÍ 2018

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR:	09300001	DAGS.:	2018-09-24
VERKHLUTI:	010	NR.:	0019
HÖFUNDUR:	Arnór Þórir Sigfússon		
DREIFING:	Umhverfisstofnun		

Efni: Skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey

1 Inngangur

Þann 6. júní 2018 var farin vettvangsferð í Dyrhólaey að beiðni Umhverfisstofnunar. Tilgangur ferðarinnar var eins og áður að gera könnun á ástandi fuglalífs í eyinni. Ferðin var endurtekning á sambærilegum ferðum sem farnar voru um svipað leyti í júní 2009 – 2011, 2015 og 2017 og lýst er í minnisblöðum frá Verkís.^{1,2,3,4,5}

Lokið er við að nýtt bílastæði í Lágey sem var í byggingu 2017, norðan við fyrrverandi bílastæði í Lágey, auk þess sem þar er búið að reisa og taka í notkun salernishús. Bílastæðið og salernishúsið eru á svæði þar sem áður var stærsta kríuvarpið í eyinni og óskaði Umhverfisstofnun að áhersla væri á skoðun kríuvarps.

2 Niðurstöður athugunar

Við skoðun á fuglalífi Dyrhólaeyjar var leitast við að endurtaka sambærilegar kannanir frá fyrri árum á sambærilegum tíma, í byrjun júní. Eins og í fyrri athugunum var eingöngu um stutta vettvangsferð að ræða sem var innan við 6 klukkustundir við skoðun og því ekki um magnbundna athugun á fuglavarpi eyjunnar að ræða heldur lauslega athugun á stöðu fuglavarps í eyinni til samanburðar við fyrri ár. Gengið var um þá staði á eyinni þar sem helst var að vænta æðarvarps og kríuvarps samkvæmt reynslu frá fyrri árum og samkvæmt korti NÍ frá 1999⁶ auk svæða sem Þorsteinn Gunnarsson frá Vatnsskarðshólum benti á (1. mynd).


Ætlunin var eins og áður að fá mynd af því hve langt varp væri komið og hugmynd um umfang þess samanborið við fyrri athuganir Verkís^{1,2,3,4,5} og NÍ frá 1999⁶. Hreiður sem fundust voru merkt inn á kort og tegundir fugla sem þóttu líklegar til að vera í varpi merktar inn en sá listi er þó ekki tæmandi þar sem ekki var farið um alla eyna á kerfisbundinn hátt.

Athugun hófst við vitann á Háey. Farið var eins og áður niður í lundabala vestan við vitann og sást einn lundi fljúga úr holum auk þess sem ummerki um gröft voru við nokkrar holur þar sem rótað hafði verið út. Fýlar sátu á hreiðrum í brekkunum. Skoðað var í fuglabjörgin á suðuhluta eyjunnar og í dröngum suður af eyinni. Svartfugl var í bælum og virtist liggja á eggjum og ritur á hreiðrum. Svartfuglar sátu á sjó undan vörpunum, þar á meðal teistur. Í urð sunnan undir vitanum sáust 8 bjargdúfur og einn silfurmafur í urðinni, mögulega með hreiður. Á sjó suður af Dyrhólaey voru taldir 274 æðarfuglar þar af 199 blikar og 41 kolla. Uppi á Háeynni sáust heiðlóa og

¹ Verkís 2009. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 9. júní 2009
² Verkís 2010. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 9. júní 2010
³ Verkís 2011. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 6. júní 2011
⁴ Verkís 2015. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 10. desember 2015
⁵ Verkís 2017. Fuglalíf í Dyrhólaey – vettvangsferð. Minnisblað 10. september 2017
⁶ María Harðardóttir og Einar Ólafur Þorleifsson 2000. *Fuglalíf í Dyrhólaey*. Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins. 23 s. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands, NI-00003.



maríuerla. Gengið var austur með brúninni og í Þjófaurð sáust 5 silfurmafshreiður og voru ungar komnir í hreiður. Þá sáust þar 3 bjargdúfur.



Mynd 1 Kort 1 úr skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2000¹ og birt með leyfi stofnunarinnar. Búið er að bæta inn á kortið grófum útlínum þeirra svæða sem Þorsteinn Gunnarsson nefndi sem helstu æðarvörpin nú og eru þau táknúð með

Gengið var með suðurströnd Lágeyjar og sást þar maríuerla, stelkur, tjaldspar, 2 stakir spóar og spóapar. Kjóapar var sunnan við veginn upp á Háey eins og fyrri ár, rétt neðan brekkunnar, líklega með hreiður. Aðeins fannst eitt æðarhreiður uppi á Lágey, í suðurjaðri svæðisins sem merkt er með 600 kríupör á mynd 1.

Kríur fundust aðeins verpanði á einum stað, alls um 26 líkleg hreiður suðaustan og sunnan við tjörnina. engin hreiður fundust þar sem nú er komið bílastæði og salernishús en þar sáust 4 kríur sem ekki sýndu varpatferli og því líklega ekki með hreiður. Stoppað var 14 júní, á leið úr vettvangsferð í Ingólfshöfða og þá eftir lokun eyjunnar þannig að þar hafði ekki verið umferð fólks um tíma. Engar kríur sáust við bílastæði og salernishús en varp sunnan við tjörnina virtist svipað og 6 júní. Vestan við veginn mótis við bílastæðið sáust engar kríur en 6 pör sáust þar 2017.⁵

Gengið var ofan kletta norðan á Lágey þar sem aðal æðarvarpið hefur verið undanfarin ár. Greinilegt var þegar þangað var komið að æðarvarp var með minna móti. Ekkert sást af æðarhreiðrum nema alveg austast undir klettunum þar sem sett hafði verið upp refaheld girðing og mikið af veifum og flöggum austan við hana. Ekki var farið undir klettana til að trufla ekki varpið þar. Á ósnum norðan við eyna sáust 53 æðarfuglar, þar af 41 bliki og 12. kollur. Einnig var þar einn fullorðinn svartbakur sitjandi á leirunni og skúmur flaug þar yfir.

Á lóninu vestan við Dyrhólaey sáust 6 æðarblikar og 3 kollur, þar af ein með 4 unga. Þar var einnig 1 grágæs og stökkandarsteggur.



3 Umræða

Ástand fuglalífs í Dyrhólaey í byrjun júní virtist vera með lélegra móti hvað varðar æðarfugl og kríu. Í ferðum sem farnar voru í júní 2015⁴ og þar á undan 28. júní 2013⁷ var kríuvarp mun meira en nú eða um 100-120 pör 2015 og um 315 pör 2013. Aðeins voru um 70 pör 2017,⁵ þar af um 27 hreiður á svæðinu þar sem nú er komið bílastæði og salernishús. Þar var áætlað að væru um 80-100 pör árið 2015. Það virðist sem kríur sem áður urpu við bílastæði og salernishúsið hafi annað hvort hætt við varp nú eða fundið sér nýjan varpstað. Það sem um þriðjungs fækkun virðist vera að ræða í kríuvarpinu sunnan við tjörnina hafa þær líklega ekki flutt sig þangað. Kríuvarp hefur verið lélegt á sunnanverðu landinu undanfarin áratug eða svo þannig að sveiflur í varpi milli ára gætu stafað af ástandi sjávar. Ekki er vitað almennt um ástand kríu á þessu svæði, hvort það er jafn lélegt og var í Dyrhólaey eða hvort varp í eyinni hefur minnkað meira vegna þess að þrengt hefur verið að varpi með byggingu salernishúss og bílastæðis. Þá er krían, líkt og æðarfugl, mjög viðkvæm fyrir ágangi refa. Í ferð í apríl sást refur á leirunni norðan við Lágey⁸ og samkvæmt upplýsingum frá Evu Dögg Þorsteinsdóttur sem hirðir um æðarvarpið sáust refir á og við Lágey í maí og refur var felldur 3. júní uppi á eyinni og þá búinn að hreinsa úr þeim fáu æðarhreiðrum sem voru uppi á eyinni. Reikna má með að hann hafi einnig getað leitað í kríuvarpið og það sé skýringin á lélegu varpi kríunnar í ár. Tíminn mun leiða í ljós hvort um varanlega breytingu verður að ræða á fjölda kríu í Dyrhólaey eða hvort hún flytji sig til innan eyjunnar. Kríuvarp í nágrenni Dyrhólaeyjar er ekki vaktað þannig að þar gæti fjölgað vegna tilfærslu úr eyinni án þess að eftir því yrði tekið.

Æðarvarp virtist með lélegra móti og fannst einungis eitt æðarhreiður uppi á Lágey eins og 2017 sem er það minnsta sem fundist hefur sbr. þau minnisblöð Verkís sem hér er vitnað til og skýrslu NÍ frá 2000. Líklegt er að það sé vegna ágangs refa sem Eva Dögg Þorsteinsdóttur sagði frá. Samkvæmt Evu þá virtist refurinn ekki hafa farið í æðarvarp undir klettum norðan á Lágey en samt hafi það verið með minna móti, bæði vegna þess að flæddi svo og truflunar, en þar sást til manna á mótókross hjólum. Eva Dögg viðraði þá hugmynd að girða af svæði á norðausturhorni Lágeyjar, ofan við þar sem núverandi varp er, með það fyrir augum auka varpið og verja það ágangi ferðamanna og þar væri ekki hætt á að flæddi þó ósinn stíflaðist. Þetta svæði er líklega ekki mikið sótt af ferðamönnum, enda utan við göngustíga og mætti auðveldlega girða af með t.d. rafgirðingu sem hægt væri að fjarlægja að varpi loknu. Ekki er varp þarna núna en það væri tilraunarinnar virði að kanna hvort hægt sé að fá æðarfuglinn til að verpa þarna og þannig auka varpsvæðið. Fjöldi æðarfugla á sjó var svipaður og 2017 og nú sást ein kolla með 4 unga en engir ungar sáust 2017.

Landvarsla og uppbygging aðstöðu og stíga þarf að haldast í hendur við aukinn fjölda ferðamanna sem hefur orðið undanfarin ár svo takast megi að vernda fuglalíf í eyinni. Þar hafa verið framfarir undanfarin ár, m.a. með afmörkun stíga meðfram suðurströnd eyjunnar. Staðsetning salernis og bílastæðis við kríuvarpið sem þar var gæti hafa valdið því að það hafi flust til varanlega.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að verja eyna gegn ágangi refa og minka ef vilji er til að hlúa að varpi kríu og æðarfugls eyinni.

⁷ Verkís 2014. Dyrhólaey – Önnur vettvangsferð 2013. Minnisblað 4. apríl 2014

⁸ Verkís 2018. Fuglalíf í Dyrhólaey. Minnisblað 28. apríl 2018